

Valur Sveinsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2014
Tilvísun: UST20140500149/ksj

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 - 2027. Eyri við sunnanverðan Reyðarfjörð, hafnar- og iðnaðarsvæði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðarbyggðar er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjarðarbyggðar 2007 - 2027.

Breytingartillagan felur í sér að afmarkað er sérhæft 112 ha iðnaðar- og hafnarsvæði við eyðibýlið Eyri við Reyðarfjörð. Markmiðið er að geta boðið þeim aðstöðu sem hafa áhuga á uppbyggingu hafnar- og hafnsækinnar starfsemi t.d. vegna olíuleitar, umskipunar eða geymslu olíubirgða.

Í greinargerð breytingartillögunnar kemur fram að stefnt er að því að Mjóeyrarhöfn ásamt Eyrarhöfn verði aðal flutningahöfnin á á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi. Jafnframt kemur fram að gert er ráð fyrir að á svæðinu geti rúmast allt að 900.000 m³ olíubirgðastöð.

Náttúruvernd

Í umfjöllun um forsendur kemur fram að á áætluðu framkvæmdasvæði við Eyri séu að finna stöðuvötn og tjarnir er hafa sérstaka vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og er bent á að þau séu auðkennd á korti og að leitast verði við að skerða ekki náttúru og landslag þar sem slík vötn er að finna. Umhverfisstofnun tekur undir framangreint en telur ósamræmi koma fram við þessa stefnumörkun þegar að fram kemur í umfjöllun um tillögu að breytingu, en hún felur í sér að hverfisvernd á tjörnum stærrí en 1000 m² á svæðinu er felld niður. Það að fella niður hverfisvernd er óþarfi ef leitast á við að skerða ekki náttúru og landslag þar sem slík vötn er að finna. Einnig bendir stofnunin á að umhverfi Eyrarár er nýtt til náttúruskoðunar og útivistar og því er mikilvægt að náttúrulegu umhverfi árinna verði ekki raskað.

Umhverfisskýrsla

Fram kemur í umhverfisskýrslu að breytingartillagan felur í sér áætlun sem er matsskyld enda felur hún í sér m.a. hafnargerð og uppbyggingu olíubirgðarstöðvar auk uppbyggingu 58 ha iðnaðarsvæðis. Umhverfisstofnun bendir á að svæði er skilgreint sem iðnaðarsvæði, ef þar er


áætluð mengandi starfsemi.


Umhverfisáhrif af áætluninni eru mikil, en fram kemur í umhverfisskýrslu að áhrifin verði á grunnvatn, strönd, loftgæði, öryggi, minjar, landslag og samfélag. Einnig er minnst á fiskeldi, en starfsleyfi er í gildi fyrir fiskeldi í sjókvíaþyrpingum í firðinum. Umhverfisstofnun bendir á að áætlanir eru um að auka fiskeldi í firðingum.

Niðurstaða

Áætluð stórskipahöfn við Eyri í Reyðarfirði myndi á margan hátt hafa neikvæð umhverfisáhrif ef af framkvæmd hennar verður. Nú þegar er Mjóeyrarhöfn og höfn á Eskifirði í grennd við staðinn þar sem Eyrarhöfn er áætluð. Við Reyðarfjörð er nú þegar iðnaðarsvæði þar sem starfrækt er álver. Fiskeldi er starfrækt í Reyðarfirði, og áætlanir eru um aukna starfsemi varðandi laxarækt í kvíum í firðinum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoðað verði strax á áætlunastigi hvað hentar best fyrir svæðið, og athuga þarf hvort áhrif frá mögulegri mengandi starfsemi á iðnaðarsvæði við Eyri og áhrif frá álveri í Reyðarfirði gætu á einhvern hátt haft sammögnunaráhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

